Nr. 26.
22.
október.

Lög

um

vatnsveitu í löggiltum verslunarstöðum.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hreppsnefndum er heimilt með samþykki sýslunefndar og stjórnarráðs Íslands að koma á vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum.

2. gr.

Nú vill hreppsnefnd koma á svofeldri vatnsveitu, sem getur um í 1. gr., og skal hún þá láta verkfróðan mann rannsaka staðháttu og, ef tiltækilegt telst að framkvæma verkið, gera nákvæma áætlun um fyrirkomulag vatnsveitunnar og kostnað við lagning hennar og leggja þau gögn fyrir sýslunefnd ásamt áætlun um kostnað við árlegan rekstur vatnsveitunnar, eftir að hún væri komin á. Kostnaður við umgetna rannsókn o. fl. telst til stofnkostnaðar vatnsveitunnar, ef hún kemst á, en greiðist að öðrum kosti úr sveitarsjóði.

Ef sýslunefnd samþykkir, að vatnsveitunni sje komið á, sendir sýslumaður málið til stjórnarráðsins til samþyktar, er svo samþykkir það, með eða án skilyrða, eða neitar samþykki og færir ástæður fyrir.

3. gr.

Landeigendur á því svæði, þar sem hreppsnefndin ákveður, að vatnsveitan skuli vera, skulu skyldir til að láta í tje nægilegt vatn úr uppsprettum, ám og brunnum í landareign þeirra, þó svo, að þeir sjeu eigi með því sviftir nægilegu vatni til heimilisþarfa fyrir þá sjálfa. Svo skal þeim og skylt að láta af hendi lóð og landsafnot til hverskyns mannvirkja, sem með þarf, til þess að safna vatninu og veita því, þar með talið grjóttak, malartekja, sandtekja og rista, og að þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarjetti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sjer, alt gegn því, að fult endurgjald komi fyrir. Bætur fyrir jarðrask í óræktuðu landi skulu því að eins greiddar, að álitið verði, að landeigandi bíði skaða við það. — Verði ekki samkomulag milli hreppsnefndar annars vegar og landeiganda eða lóðareiganda hins vegar um endurgjaldið eða framkvæmd einhvers atriðis, þess er að framan greinir, skal eignarnám fram fara. Skal það framkvæmt af þriggja manna nefnd, er sker úr því, hvað taka skuli, og ákveður endurgjaldið. Í nefndina nefnir hreppsnefnd einn mann, land- eða lóðareigandi annan og sýslumaður hinn þriðja. Tilnefni landeigandi eða lóðareigandi engan, skal dómkveðja mann við varnarþing hans.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov af 18de September 1891.

Lov

Nr. 26.
22.
Oktober.

om

Vandforsyning i autoriserede Handelssteder.

Vi Christian den Tiende, af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Repsforstanderskaberne bemyndiges til efter indhentet Samtykke af Sysselforstanderskab og Islands Ministerium at anlægge Vandledninger til almindelig Afbenyttelse i autoriserede Handelssteder.

§ 2.

Hvis et Repsforstanderskab vil anlægge Vandledning som i § 1 nævnt, skal det lade en sagkyndig Mand undersøge de stedlige Forhold, og hvis Foretagendet synes gennemførligt, udarbejde en nøjagtig Plan for Vandledningens Udførelse samt Beregning over Bekostningen ved Anlæget. Disse Overslag tilligemed Overslag over de aarlige Omkostninger ved Vandledningens Drift efter dens Fuldførelse skal dernæst forelægges Sysselforstanderskabet. De ved den omhandlede Undersøgelse m. m. forbundne Udlæg betragtes som hørende til Anlægskontoen, hvis Vandforsyningen bliver gennemført, men i modsat Fald refunderes de af Repskassen.

Hvis Sysselforstanderskabet godkender Vandledningernes Anlæg, indsender Sysselmanden Sagen til Godkendelse af Ministeriet, som enten giver sit Samtykke dertil med eller uden videre Betingelser eller nægter det med Anførelse af Grundene til Afslaget.

§ 3.

Jordejere paa det Omraade, hvor Vandledningen efter Repsforstanderskabets Bestemmelse skal føres, ere pligtige til at afstaa tilstrækkeligt Vand af de paa deres Grund værende Kildevæld, Aaer og Brønde, dog saaledes, at de ikke derved kommer til at mangle tilstrækkeligt Vand til eget Hjemmebrug. Desuden ere de pligtige til at afstaa Grund samt Afbenyttelse af samme til alle Foretagender, der behøves til Indsamling af Vand og dets videre Ledning, derunder Borttagelse af Sten, Grus og Sand og Skæring af Græstørv, samt til at finde sig i alle de af Vandledningen følgende Indskrænkninger i Ejendomsretten, Ulemper og Begrænsninger i Brugsretten, alt imod fuld Erstatning. Erstatning for Grundforandringer paa uopdyrket Jord betales kun, naar det maa antages, at Ejeren lider Skade derved. — Kan Repsforstanderskabet ikke enes med Jord- eller Grundejeren om Erstatningsbeløbet eller om Iværksættelsen af nogen af de foranførte Foranstaltninger, skal Ekspropriation finde Sted. Den foretages af en af tre Medlemmer bestaaende Kommission, der afgør, hvad der skal eksproprieres, samt bestemmer Erstatningen derfor. Af Kommissionen udnævnes et Medlem af Repsforstanderskabet, et af Jord- eller Grundejeren, samt den tredie af Sysselmanden. Hvis Jord- eller Grundejeren ikke udnævner nogen, skal en Mand udmeldes af Retten ved hans Værneting.

Nr. 26. 22. október.

4. gr.

Þá er hreppsnefndin hefir komið á vatnsveitu til kauptúnsins og um það, skal hún hafa einkarjett til að selja neysluvatn í kauptúninu.

5. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við vatnsveituna, skal hreppsnefndinni heimilt að heimta vatnsskatt af öllum húseignum í kauptúninu (sbr. 6. gr.). Upphæð skattgjaldsins alls ár hvert ákveður hreppsnefndin, en hún má ekki fara fram úr $5^0/_{00}$ (fimm af þúsundi) af húsaskattsvirðingu húseigna, er skatti þessum eiga að svara. Skatturinn skal lagður á hinar einstöku húseignir eftir gjaldskrá, með flokkun eftir hæð virðingarverðs og tölu íbúða í húsunum, og má eigi nema meiru en $6^0/_{00}$ af virðingu á neinni húseign. Húseigandi greiðir gjaldið.

Sjerstakt aukagjald má leggja á verksmiðjur, baðhús, iðnaðarfyrirtæki og önnur fyrirtæki, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, svo og á þá, er hafa vatnshana utanhúss. Öll skip, jafnt innlend sem útlend, er taka vatn úr vatnsveitu hreppsins, skulu greiða gjald fyrir vatnstökuna. Þessi gjöld skulu og ákveðin í gjaldskránni. Hreppsnefndin semur hana, en stjórnarráðið staðfestir og veitir staðfestingin gjöldunum lögtaksrjett sem öðrum sveitargjöldum.

6. gr.

Hreppsnefndin leggur vatnsæðar svo, að hver húseigandi nái til þeirra í götu eða vegi eða á opnu svæði, er liggur að lóð hans, og verður enginn krafinn um vatnsskatt fyr en svo er. Frá vatnsæðum þeim, er hreppsnefndin leggur í götu, vegi og opin svæði, leggur hver húseigandi vatnsæðar inn í hús sitt á eigin kostnað.

7. gr.

Stjórnarráði Íslands veitist heimild til að staðfesta reglugjörðir um vatnsveitu til almennings nota í löggiltum verslunarstöðum. Reglugerð semur hlutaðeigandi hreppsnefnd, og má í hana setja ákvæði um notkun vatnsins, meðferð á vatnsæðum og önnur atriði viðvíkjandi vatnsveitunni, sem nauðsynleg kunna að þykja.

8. gr.

Í reglugjörðum þeim, sem getur um í 7. gr., má ákveða alt að 200 kr. sektir fyrir brot gegn ákvæðum þeirra, og fer um mál út af þeim sem um almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 22. október 1912.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

§ 4.

Naar Repsforstanderskabet har anlagt Vandledning til Handelsstedet og i dette, skal det have Eneret til Salg af Drikkevand i Handelsstedet.

§ 5.

Til Dækning af Omkostningerne ved Vandledningen har Repsforstanderskabet Hjemmel til at opkræve Vandskat af alle Husejendomme paa Handelsstedet (jfr. § 6). Skattens samlede Beløb bestemmes af Repsforstanderskabet, dog maa det ikke overstige 5 $^{0}/_{00}$ (5 p. m.) af de til Udredelsen af denne Skat pligtige Husejendommes Vurderingssummer til Brandassurance. Skatten skal paalignes de enkelte Husejendomme efter et Takstregulativ, med Satser efter Husenes Vurderingssum og Lejlighedernes Antal og maa ikke for noget Hus overstige 6 $^{0}/_{00}$ af dets Vurderingssum. Skatten betales af Husejeren.

Særlig Tillægsskat kan paalignes Fabriker, Badeanstalter, industrielle Foretagender og andre Foretagender, der benytte Vand til andet end almindelig Hjemmebrug, samt dem, som have Vandhaner udenfor Huset. Alle Skibe, saavel indenlandske som udenlandske, der forsyne sig med Vand af Reppens Vandledning, skulle erlægge Betaling for Vandforsyningen. Denne Betaling skal ogsaa bestemmes i Takstregulativet, der affattes af Repsforstanderskabet og stadfæstes af Ministeriet. Stadfæstelsen giver Hjemmel til Udpantning af Skatterne og Afgifterne ligesom andre kommunale Skatter.

§ 6.

Repsforstanderskabet anlægger Vandrørene saaledes, at enhver Husejer kan faa Forbindelse med dem i Gade, Vej eller paa aaben Plads, der støder til hans Grund, hvorhos ingen kan kræves for Vandskat, før end dette er sket. Fra de af Repsforstanderskabet i Gader, Veje og paa aabne Pladser anlagte Vandrør maa enhver Husejer paa egen Bekostning lægge Vandrør ind i sit Hus.

§ 7.

Islands Ministerium bemyndiges til at stadfæste Reglementer om Vandforsyning til almindelig Afbenyttelse i autoriserede Handelssteder. Vedkommende Repsforstanderskab affatter Reglementet. Dette kan indeholde Bestemmelser om Vandets Benyttelse, Behandling af Vandrør, samt andet, som maatte anses nødvendigt.

§ 8.

I de i § 7 omhandlede Reglementer kan fastsættes Bøder for Overtrædelser af samme; Sager i Anledning heraf behandles som offentlige Politisager.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 22. Oktober 1912.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 22. Oktober 1912.

H. Hafstein.

Jon Krabbe.